



Gullfoss

Stjórnunar- og verndaráætlun 2016-2025

Nóvember 2016



UMHVERFISSTOFNUN



Efnisyfirlit

ADGERÐAÁÆTLUN 2016 – 2021	4
1. INNGANGUR	7
1.1. Leiðarljós.....	8
1.2. Eignarhald og umsjón	8
1.3. Gildistími.....	8
1.4. Lagalegur- og stjórnsýslulegur rammi.....	8
1.5. Verndargildi hins friðlýsta svæðis.....	9
1.6. IUCN verndarflokkun	9
2. LÝSING Á SVÆÐINU	10
2.1. Mörk svæðisins.....	10
2.2. Náttúruminjar	10
2.2.1. Jarðminjar.....	11
2.2.2. Gróður	11
2.3. Menningarminjar	11
2.4. Tengsl við grannsvæði.....	12
2.5. Landnotkun	12
2.6. Innviðir og mannvirki	12
2.6.1. Byggingar	12
2.6.2. Vegir og vegslóðar.....	12
2.6.3. Bílastæði.....	12
2.6.4. Stígar og gönguleiðir	13
2.6.5. Aðgengi fatlaðra	13
2.6.6. Reiðleiðir	14
2.6.7. Skilti	14
2.7. Ferðaþjónusta og útivist.....	14
2.8. Innri starfsemi, landvarsla og rekstur.....	14
2.9. Öryggismál	15
2.10. Rannsóknir og vöktun	15
2.11. Kynning og fræðsla.....	16
2.12. Loftför, þ.á.m. flugvélar, þyrlur og ómönnuð loftför	16
3. MARKMIÐ, STEFNA OG LEIÐIR.....	17
3.1. Svæðaskipting	17
3.1.1. Markmið fyrir einstaka svæði	17
3.2. Náttúruminjar	18
3.2.1. Jarðminjar.....	18
3.2.2. Gróður og dýralíf	18
3.3. Menningarminjar	19
3.4. Landnotkun	19
3.5. Innviðir.....	19



3.5.1.	Vegir og bílastæði	20
3.5.2.	Stígar, gönguleiðir og reiðleiðir	20
3.5.3.	Skilti	22
3.5.4.	Rekstur, eftirlit og landvarsla	22
3.5.5.	Sorp og sorphirða	23
3.6.	Ferðþjónusta og útivist.....	24
3.7.	Rannsóknir og vöktun	25
3.8.	Kynning og fræðsla.....	25
3.9.	Öryggismál	26
3.10.	Loftför, þ.á m. flugvélar, þyrlur og ómönnuð loftför	26
HEIMILDIR		29
VIÐAUKI I		30
VIÐAUKI II		31

Aðgerðaáætlun 2016 – 2021

Kafla þessi er forgangsöröðun þeirra aðgerða Umhverfisstofnunar sem brýnast er að grípa til svo að verndargildi Gullfoss haldist. Aðgerðir þessar styðja við leiðarljós og framtíðarsýn svæðisins. Neðangreindar aðgerðir eru áætlaðar með fyrirvara um að fjármagn til framkvæmda fáiist hverju sinni. Umhverfisstofnun er ábyrgðaraðili aðgerða.

Árlega

- ✓ Grjóthrunshætta verði vöktuð við stíg sem liggur að fossbrún og úrbætur gerðar sé þess talið þörf. Árleg vöktun verði á grjóthrúni og fyrirbyggjandi öryggisaðgerðir skipulagðar áður en stígurinn er opnaður að vori.
- ✓ Reglulegt eftirlit og viðhald verði á innviðum.
- ✓ Aflegustígar verði skrásettir, kortlagðir og ljósmyndaðir og fylgst verði með framvindu gróðurs árlega. Gögn verði geymd í gagnagrunni Umhverfisstofnunar.
- ✓ Ferðaþjónustuaðilar verði upplýstir um fyrirhugaðar framkvæmdir og framkvæmdaáætlun verði aðgengileg ferðaþjónustuaðilum.
- ✓ Öryggisáætlun Umhverfisstofnunar fyrir svæðið verði yfirfarin árlega.

2016

- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir því að tilmæli verði sett í Flugmálahandbók AIP, um hækkum flugs í 1000 fet yfir friðlandinu.
- ✓ Skilti verði sett upp þar sem fólk er bönnuð næturgisting innan friðlands og því beint á næsta tjaldsvæði.
- ✓ Verkfæraaðstaða verði betrubætt þannig að aðstaða sé fyrir verkfæri og tækjakost landvarða.
- ✓ Girðing innan friðlands verði fjarlægð.

2017

- ✓ Þinglýsa skal nýjum friðlandsmörkum Gullfoss.
- ✓ Þarfagreining og kostnaðarmat á landvörslu og aðstöðu tengdri henni verði gerð fyrir svæðið.
- ✓ Sent verði erindi á Samtök ferðaþjónustunnar þar sem óskað er eftir því að ferðaþjónustuaðilar noti efra bílastæðið, með tilvísunum í deiliskipulag svæðisins.
- ✓ Send verði beiðni á netmiðla og gps-miðla sem gefa upp staðsetningu fyrir Gullfoss og þess óskað að kort sé leiðrétt og fólk vísað á efra bílastæðið.
- ✓ Gerð verði úttekt á öryggislínum og metið verði hvar fólk leitar helst út fyrir stíga og línurnar eflar í kjölfarið.
- ✓ Lágrest hraphættuskilti verði sett upp þar sem fólk leitar helst út fyrir öryggislínur.
- ✓ Nýr stigi verði byggður sem tengir neðra og efra svæðið.
- ✓ Jarðvegsvinna við eldri útsýnisvall á efra svæði unnin og undirlag gert fyrir endurgerðan pall á því svæði.

- ✓ Útsýnispallur á efra svæði verði endurgerður, ásamt nærliggjandi stígum.
- ✓ Stígur frá Gullfosskaffi að skiltaborg verði endurbýggður og breikkaður.
- ✓ Merkingar þar sem fólk er upplýst um að það sé komið inn í friðland verði settar upp við friðlandsmörk, í samráði við Vegagerðina og Bláskógabyggð.
- ✓ Umhverfisstofnun vinni að uppgræðslu aflegustíga og gróðursára með staðargróðri og kanni samstarf við aðrar stofnanir sé þess þörf.
- ✓ Aðflutt efni verði hreinsað af jökulrispuðum klettasyllum og því fargað eða notað á staðnum.
- ✓ Samningur um grænan rekstur á friðlýstum svæðum verði undirbúinn til undirskriftar rekstraraðila á svæðinu.
- ✓ Metinn verði kostnaður við að hafa minni flokkunarílát innan svæðisins og óskað eftir tilboði í losun á flokkuðu sorpi. Ruslagámur Umhverfisstofnunar verði í kjölfarið fjarlægður til að bæta ásjón og aðkomu að svæðinu.
- ✓ Umhverfisstofnun hafi frumkvæði á að boða á fund hagsmunaaðila vegna hækkunar á flughæð yfir friðlandinu, ári eftir að tilmælin eru sett fram í Flugmálahandbók AIP.
- ✓ Komið verði á samtali við grunnskóla svæðisins og skipulagt árlegt vorhreinsunaráttak í samstarfi við sveitarfélag.
- ✓ Kannaður verði áhugi framhaldsskóla á þátttöku í sjálfbóðaliðastarfi innan friðlandsins í verkefnum tengdum stóru grænu helginni (*e. Big Green Weekend.*)

2018

- ✓ Nýr útsýnispallur verði byggður við lok gönguleiðar á efra svæði (með útsýni yfir Gullfossgljúfur).
- ✓ Stígur verði byggður milli útsýnispallanna tveggja á efra svæðinu.
- ✓ Merkingar á neðra bílastæði verði uppfærðar. Bílastæðaplanið verði merkt með stæðum fyrir fatlaða og skutlstæði verði sérmerkt.
- ✓ Innkomuskilti verði sett upp við upphaf göngupalla, þar sem fólk er boðið velkomið og jafnfram beðið um að ganga vel um svæðið.
- ✓ Sett verði upp skilti með umgengisreglum svæðisins og tilvísunum á sorptunnur.
- ✓ Unnið verði að lagfæringu gönguleiðar og reiðleiðar meðfram Hvítá, í samstarfi við sjálfbóðaliða Umhverfisstofnunar eða verktaka og í samráði við Minjastofnun þar sem það á við.
- ✓ Reiðleiðir innan friðlandsins verði skipulagðar í samráði við Landssamband hestamanna og hestamannafélögin Loga og Smára og í nánun samstarfi við sveitarfélagið Bláskógabyggð.
- ✓ Leitað verði eftir tilboði í hönnun á gönguleiðum og reiðleiðum meðfram Hvítá.

2019

- ✓ Varnargirðing austan við neðra bílastæði verði sett upp.
- ✓ Göngustígur niður að fossi verði breikkaður og byggður upp eins og aðstæður leyfa.



- ✓ Áfram verði unnið að lagfæringu gönguleiðar og reiðleiðar meðfram Hvítá.
- ✓ Fræðsluskilti og gönguleiðakort verði sett upp við upphaf gönguleiðar meðfram Hvítá.

2020

- ✓ Lágrest skilti um menningarminjar og náttúruminjar verði sett upp á gönguleiðinni meðfram Hvítá.
- ✓ Hringleið með útsýni yfir Jarlhettarnar verði brúuð á vaði við friðlandsmörk og grjóthreinsuð.
- ✓ Sett verði upp lágrest skilti við upphaf hringleiðar með útsýni yfir Jarlhettarnar sem sýnir leiðina, vegalengd hennar og helstu útsýnispunkta.
- ✓ Uppfært gönguleiðaskilti verði sett upp á svæðinu, þegar lengri leiðir hafa verið endurbættar.

2021

- ✓ Aðgerðaráætlun endurskoðuð.



1. Inngangur

Gullfoss og næsta nágrenni voru friðlýst sem friðland árið 1979 samkvæmt auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 141/1979. Lífríki, jarðminjar og gróður svæðisins njóta einnig friðunar. Úr Hvítárvatni við rætur Langjökuls rennur Hvítá. Áin hlykkjast niður hálendið í átt til sjávar og steypist Gullfoss fram af einum af fjölmörgum stöllum sem myndast hafa í árfarvegi hennar. Fossinn er í 190 metra hæð yfir sjávarmáli og staðsettur í miklu víðerni á mörkum byggðar í uppsveitum Árnassýslu. Til suðurs eru uppsveitir Árnassýslu en í áttina norður liggur Kjölur. Gullfoss er tilkomumikill foss og er friðlýsingu hans ætlað að vernda hann og það umhverfi sem myndast hefur í kringum hann í aldanna rás.

Með friðlýsingum er almennt stuðlað að því að lífríki fái að þróast eftir eigin forsendum, að jarðmyndunum sé ekki raskað og náttúrufegurð haldist ósnortin. Friðlýst svæði hafa oft mikið aðdráttarafli og eru í mörgum tilfellum helstu áfangastaðir ferðamanna á Íslandi. Mikilli umferð fólks fylgir þó óneitanlega rask. Það er því ákveðin áskorun fólgin í því að gefa fólki kost á að njóta náttúrunnar og á sama tíma stuðla að því að gildi hennar skerðist ekki. Með þessari stjórnunar- og verndaráætlun er leitast við að vernda Gullfoss og nærumhverfi hans, ekki síst í ljósi þessarar áskorunar. Með áætluninni er því stuðlað að því að verndargildi svæðisins haldist óskert.

Stjórnunar- og verndaráætlunin er unnin í samræmi við 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Áætluninni er ætlað að vera stefnumótandi skjal, unnið í samvinnu við landeigendur og sveitafélag og er hún hugsuð sem stjórnæki til að móta framtíðarsýn

svæðisins og leggja fram stefnu og markmið fyrir svæðið. Samstarfsnefnd við gerð áætlunarinnar skipa:

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar
Linda Guðmundsdóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar
Svavar Njarðarson, fulltrúi landeiganda í Brattholti

Áætlunin gildir til ársins 2026 og með henni fylgir aðgerðaáætlun til fimm ára. Að fimm árum liðnum skal meta árangur verndarráðstafana og endurskoða og uppfæra aðgerðaáætlun.

Ítarlegar upplýsingar um friðlandið eru aðgengilegar á vefsíðu Umhverfisstofnunar, www.umhverfisstofnun.is.

1.1. Leiðarljós

- ✓ Hvítá fái að renna óhindrað og skapa sér farveg um Gullfoss á sínum forsendum.
- ✓ Ásýnd umhverfisins í kringum fossinn verði vernduð.
- ✓ Gullfoss verði fyrirmyndar áfangastaður þar sem náttúruvernd og virðing fyrir umhverfinu eru höfð að leiðarljósi.
- ✓ Fræðsla til gesta um gildi náttúruverndar, náttúrufar og menningarsögu svæðisins verði öflug og leitast verði við að gestir taki með sér mikinn fróðleik frá svæðinu.
- ✓ Á svæðinu sé hvatt til ábyrgrar ferðaþjónustu og ferðamennsku.
- ✓ Innviðir, aðgengi og umgengni verði til fyrirmyndar í alla staði.
- ✓ Vöktun verði aukin á svæðinu.
- ✓ Gott samstarf sé ávallt milli allra hlutaðeigandi aðila.

1.2. Eignarhald og umsjón

Friðlýsta svæðið er í eigu íslenska ríkisins. Umhverfisstofnun hefur umsjón með friðlandinu. Sérfræðingur Umhverfisstofnunar er með aðsetur í Bláskógabyggð og hefur daglega umsjón með svæðinu. Mun hann hafa umsjón með framkvæmd stjórnunar- og verndaráætlunarinnar.

1.3. Gildistími

Gildistími stjórnunar- og verndaráætlunarinnar er 10 ár en með henni fylgir aðgerðaáætlun sem gildir til fimm ára. Að fimm árum liðnum verður aðgerðaáætlunin endurnýjuð og uppfærð. Umhverfisstofnun, í samstarfi við sveitarfélag og landeigendur, er þó heimilt að taka ákvörðun um endurskoðun áætlunarinnar áður en gildistíminn er liðinn.

1.4. Lagalegur- og stjórnsýslulegur rammi

Gullfoss var friðlýstur sem friðland árið 1979 samkvæmt auglýsingu nr. 141/1979. Samkvæmt friðlýsingunni er gangandi fólk heimil för um svæðið, enda sé góðrar umgengi gætt. Gróður, jarðmyndanir og dýralíf svæðisins er einnig verndað og er mannvirkjagerð og

allt jarðrask háð leyfi. Umhverfisstofnun hefur umsjón með leyfisveitingum á svæðinu og er umsjónaraðili hins friðlýsta svæðis.

Samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd njóta fossar og nánasta umhverfis þeirra sérstakrar verndar að því leyti að sýn þeirra spillist ekki, afla skal framkvæmdaleyfis vegna framkvæmda sem hafa í för með sér röskun, leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefndar áður en leyfi er veitt. Ennfremur segir í 54. gr. sömu laga að ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem eru leyfisskyldar samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsts svæðis skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis og skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Því eru framkvæmdir sem áhrif geta haft á verndargildi Gullfoss háðar leyfi og skal hafa það í huga vegna tengsla við grannsvæði Gullfoss, sbr. kafli 2.4. í stjórnunar- og verndaráætlun þessari.

Skipulagsáætlanir

Gildandi deiliskipulag fyrir svæðið er frá árinu 2013 og er einnig fyrirliggjandi hönnun á uppbyggingu innviða innan friðlandsins. Bláskógabyggð gaf nýverið út nýtt aðalskipulag sem gildir frá 2015-2027. Á vefsíðu Umhverfisstofnunar, www.umhverfisstofnun.is og á vefsíðu Bláskógabyggðar, www.blaskogabyggd.is eru þessi gögn aðgengileg.

1.5. Verndargildi hins friðlýsta svæðis

Mikilvægt er að vernda Gullfoss svo að bæði vatnasvið hans og nærumhverfi haldist óskert. Gildi friðlandsins er fyrst og fremst fólgið í landslagi þess, mikilfenglegum jarðminjum og blómskrúðugu gróðurfari.

Svæðið hefur menningarsögulegt gildi en um fossinn var deilt í tæpa öld vegna áforma um sölu og virkjun hans. Á síðustu öld var barist fyrir verndun fossins áratugum saman og er sagan um baráttu Sigríðar frá Brattholti fyrir fossinum vel þekkt. Saga Gullfoss er því mikilvægur hluti af sögu náttúruverndar á Íslandi og er Gullfoss vitnisburður þess hve mikið gildi getur falist í náttúruvernd enda Gullfoss einn af höfuðdjásnum Íslands í dag. Gullfoss er einn fjölsóttasti áfangastaður ferðamanna á Íslandi og því er efnahagslegt gildi hans einnig umtalsvert, bæði á landsvísu og í heimabyggð.

1.6. IUCN verndarflokkun

Samkvæmt aðferðafræði alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna (IUCN) um flokkun friðlýstra svæða þá flokkast Gullfoss undir flokk III. Í þessum flokki eru svæði sem eru afmörkuð til að vernda sérstakar náttúruvinjar sem geta verið landslagsfyrirbæri, neðansjárvarfjöll, neðansjárvarhellisskútar eða jarðminjar. Þessi svæði eru jafnan lítil og reiða sig oft á mun stærri svæði til að geta þrífist. Þetta á sérstaklega við í tilfellum fossa sem reiða sig á mun stærra vistkerfi enda hluti af stórum vatnasviðum sem nauðsynleg eru til að viðhalda rennsli þeirra.



2. Lýsing á svæðinu

2.1. Mörk svæðisins

Gullfoss allur er innan friðlands, gljúfrið fyrir neðan fossinn og einnig nærumhverfi hans vestan Hvítár. Friðlandið er samtals 164,2 ha að stærð. Eru friðlandsmörkin sýnd á korti í viðauka II.

2.2. Náttúruminjar

Gullfoss er sprungufoss í Hvítá og er staðsettur í Bláskógabyggð og Hrunamannahreppi í Árnessýslu. Fossinn fellur í þremur þrepum, alls 32 m niður í Gullfossgljúfur sem er um 2,5 km að lengd og 70 m djúpt. Í bergbrúnum fossins eru grágrýtislög, en undir þeim eru þykk setbergslög. Hvítá á upptök sín í Hvítárvatni en á leið sinni niður frá hálendi sameinast hún fleiri ám. Er hún með stærstu ám á Íslandi og á uppruna sinn að rekja til bæði Hofsjökuls og Langjökuls.¹ Samkvæmt friðlýsingu svæðisins er mannvirkjagerð og jarðrask og aðrar breytingar á svæðinu óheimilar nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

¹ Hjálmar Bárðarson, (1989).

2.2.1. Jarðminjar

Berglög og setlög frá síðustu ísöld sjást greinilega í gljúfrum Gullfoss og nefnast þau Gullfosslög. Líklega hefur Hvítá farið að renna um farvegi á þessum slóðum í lok ísaldar eða fyrir um 10.000 árum. Austan Gullfoss eru fornir árfarvegir Hvítár en smám saman hefur áin fært sig vestur og að lokum grafið sig niður eftir núverandi gljúfri.² Einnig getur verið að árfarvegirnir hafi myndast í hamfarahlaupum. Hamfarahlaup eru líkleg til að hafa átt þátt í að mynda Gullfossgljúfur en við lok ísaldar, þegar jöklar á Kili rýrnuðu, mynduðust vatnsmikil lón sem hleyptu fram vatni í miklu magni bæði vestan og austan við Bláfell. Stærstu hlaupin og hin eiginlegu hamfarahlaup hafa runnið undan meginjöklinum austur fyrir Bláfell. Bera við gljúfur fyrir neðan Gullfoss og stórgrýtiseyrar þess merki að mikil flóð hafi átt sér stað á svæðinu. Gullfossgljúfur eru því mynduð í samspili hamfarahlaupa og sírennslisins í Hvítá sem sker sig í gegnum berglögin sem hún steypist fram af.³

Meðalrennsi Hvítár í Gullfossi er 109 m³/s en getur farið allt upp í 2000 m³/s í flóðum.⁴ Í mælingum við Fremstaver, nokkuð norðan við Gullfoss, hefur verið reiknað út að hamfarahlaupum undir lok ísaldar hafi vatnsrennslið náð allt upp í 400.000 m³/s.⁵

2.2.2. Gróður

Lífríki og gróður svæðisins nýtur friðunar en úðinn frá fossinum skapar vaxtarskilyrði fyrir fjölmargar jurtir.⁶ Áberandi er berjalýng, mosagróður og kjarlendi. Gullfoss er í 191 m.y.s., gróðurfur er viðkvæmt og vaxtartími þess stuttur. Gróðurrof getur því tekið langan tíma að jafna sig og eru aflegustígar innan friðlandsins fjölmargir og lengi að gróa. Lúpinu er að finna í nágrenni Gullfoss og vinnur Umhverfisstofnun að upprætingu hennar innan friðlandsins.

2.3. Menningarminjar

Blómleg byggð var áður á austurbakka Gullfoss og eru til skrár um sjö bæi sem farnir eru í eyði en voru á svæði sem kallaðist einu nafni Hvítárhvammar. Hafa Heklugos og uppblástur líklega átt sinn þátt í að byggð lagðist að mestu af ofan Gullfoss.⁷

Menningarminjar eru innan friðlands. Er aðallega um að ræða vegi (Kjalveg), hlaðna grjóttgarða og fjárhús. Eru flestar þessara minja við Hvítárgljúfur, nálægt Brattholti. Náttúrustofa Vestfjarða gerði fornleifaskráningu innan friðlands árið 2013, að beiðni Umhverfisstofnunar eftir ósk Minjastofnunar.⁸

² Hjálmar Bárðarson, (1989).

³ Haukur Tómasson, (1993).

⁴ Frekar upplýsingar má finna á vefsíðu Umhverfisstofnunar. www.ust.is

⁵ Haukur Tómasson, (1993).

⁶ Umhverfisstofnun, (ekkert ártal).

⁷ Hjálmar Bárðarson, (1989).

⁸ Margrét Hrönn Hallmundardóttir. (2013).

2.4. Tengsl við grannsvæði

Geysis er í 10 km fjarlægð frá Gullfossi og eru þessir tveir staðir hluti af „Gullna hringnum“. Báðir eru staðirnir fornfrægir ferðamannastaðir og eru enn í dag meðal fjölsóttustu áfangastaða ferðafólks á Íslandi.

Vatnasvið Gullfoss teygir sig langt inn á hálendið. Samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætlun eru skilgreindir virkjunarkostir á áhrifasvæði Gullfoss.

Á austurbakka Gullfoss er efri fossinn vel sjáanlegur og hefur það færst í aukanna að fólk leggi leið sína að fossinum þeim megin.

Uppgræðsla hefur verið stunduð norðan við friðlandið og eru miklar lúpínubreiður í nágrenni þess. Þá finnst kerfill í vegköntum á þjóðvegi 35 milli Geysis og Gullfoss.

2.5. Landnotkun

Hefðbundin landnotkun á borð við beit eða slátt hefur verið aflögð og er svæðið eingöngu nýtt til ferðaþjónustu og er veitingarekstur við jaðar þess. Þá eru myndatökur og kvikmyndatökur algengar við Gullfoss. Eru slíkar tökur almennt háðar leyfi Umhverfisstofnunar.

2.6. Innviðir og mannvirki

Svæðið í kringum Gullfoss er deiliskipulagt og liggur fyrir hönnun og framkvæmdaáætlun fyrir svæðið. Fyrirhugað er að endurbæta eða endurbyggja alla helstu innviði svæðisins í samræmi við núgildandi deiliskipulag.

2.6.1. Byggingar

Veitingastaðurinn og verslunin Gullfosskaffi eru við mörk friðlandsins. Engar aðrar byggingar eru innan svæðisins.

2.6.2. Vegir og vegslóðar

Vegurinn að Gullfossi er um Biskupstungnabraut og eru u.þ.b. 10 km á milli Gullfoss og Geysis. Mikil umferð er á svæðinu. Ef haldið er áfram frá Gullfossi norður á leið liggur leiðin um Kjöl og hafa ferðir um hálendið á sumrin aukist gífurlega síðustu ár.

2.6.3. Bílastæði

Tvö bílastæði eru við Gullfoss. Er í daglegu máli talað um neðra og efra bílastæðið. Efra stæðið er rétt utan friðlands og við hlið þess er Gullfosskaffi. Þaðan er gönguleið að fossinum. Neðra svæðið er innan friðlands og er skilgreint sem skutl-svæði (*e. drop-off*) og bílastæði fyrir fatlaða. Mikil þörf er á stærra bílastæði en á sumrin er algengt að bílum sé lagt meðfram þjóðvegi þegar mikil umferð er á svæðinu. Engin stæði eru fyrir húsbílaeigendur sem koma

til að skoða Gullfoss og er þeim því oft lagt í vegköntum eða rústustæðum. Tilvísanir á bílastæði eru ekki til staðar og fólk því ekki upplýst um hvar aðalinnkoma svæðisins er.

2.6.4. Stígar og gönguleiðir

Útsýnispallar og stígar eru á Gullfossi. Stígakerfið er að hluta til uppbyggðir stígar úr plasttrefjaefni eða lerki og eru að jafnaði tveir metrar að breidd. Annar sú breidd ekki alltaf þeim fjölda sem þangað koma og leitar fólk þá út fyrir stíga. Myndast oft mikil háлка á plasttrefjaefninu á veturna.

Uppbyggðir stígar tengja Gullfosskaffi við helstu útsýnissvæði fyrir ofan fossinn. Á neðra svæðinu eru uppbyggðir pallar að hluta til og einnig breiður malarstígur. Tvíbreiður slóði liggur frá neðra svæðinu að fossinum sjálfum. Meðfram stígum eru öryggislínur til afmörkunar. Útsýnispallur úr timbri er á efra svæði og útsýnisskot eru á nokkrum stöðum innan svæðisins. Útsýnispallurinn er kominn til ára sinna. Stigi tengir efra og neðra svæðið og er einnig slitinn. Umhverfisstofnun hefur hafist handa við byggingu nýs stiga.

Frá uppbyggðum pöllum og bílastæðum liggja slóðar í landslagi sem fólk getur fylgt til að skoða nærumhverfi Gullfoss. Annars vegar er um að ræða leið meðfram Hvítárgljúfri, frá Gullfossi að Brattholti. Hins vegar er gamli Gullfossvegurinn sem liggur frá Gullfossi að Kjalvegi og þaðan tilbaka að Gullfosskaffi. Sá slóði er 2 km útsýnisleið, hringleið sem að hluta til er innan friðlands, þar sem sést meðal annars til Jarlhettanna og Langjökuls.

2.6.5. Aðgengi fatlaðra

Neðra bílastæðið er, eins og áður sagði, skilgreint sem bílastæði fyrir fatlaða. Þaðan er gott útsýni yfir fossinn og er almennt hjólastólaþært um göngupalla. Vetraraðstæður við Gullfoss eru erfiðar og geta haft áhrif á hjólastólaaðgengi á svæðinu en skafið getur í skafla á mjög skömmum tíma og mikil háлка myndast vegna úðans frá fossinum.



2.6.6. Reiðleiðir

Reiðleiðir eru í friðlandinu og við jaðar þess. Annars vegar er reiðleið frá Brattholti að Gullfossi sem liggur meðfram Hvítárgljúfri og hins vegar er leið sem liggur meðfram Biskupstungnabraut í átt að Gullfosskaffi. Hafa fjölmargir samliggjandi stígar myndast og mikið er um gróðureyðingu og jarðvegsrof meðfram stígum.

2.6.7. Skilti

Á neðra svæði Gullfoss er að finna minnisvarða um Sigríði í Brattholti ásamt fræðsluskilti um hennar baráttu fyrir verndun fossins. Þá eru tvö upplýsingaskilti á neðra svæði. Áður en gengið er niður að fossinum sjálfum blasir við skilti sem varar við grjóthrunshættu á leiðinni. Nýtt hlið hefur verið sett upp við þann stíg og er leiðin lokuð þegar erfiðar aðstæður skapast á stígnum, aðallega á veturna en einnig vegna annars hættuástands, til dæmis grjóthrunshættu í kjölfar mikilla rigninga.

Fyrir ofan stiga er skiltaborg með fræðsluefni um friðlandið og á og í kringum útsýnipall á efra svæði eru fræðsluskilti um jarðsögu svæðisins. Engin umgengisskilti né aðkomuskilti eru á svæðinu. Tákmyndir eru víðsvegar á svæðinu til að miðla til fólks að halda sig á stígum.

2.7. Ferðabjónusta og útivist

Gullfoss er einn vinsælasti áfangastaður ferðamanna á Íslandi og er hluti „Gullna hringins“. Samkvæmt upplýsingum frá Ferðamálastofu var fjöldi gesta á Geysi um 1,1 milljón frá júlí 2014 til júní 2015⁹ og má áætla að fjöldi gesta á Gullfossi hafi verið mjög svipaður. Fjöldi gesta getur farið upp í nokkur þúsund á dag. Aukin áhersla hefur verið lögð á vetrarferðamennsku á Íslandi og heimsækja ferðamenn Gullfoss nú allan ársins hring, ýmist eigin vegum eða á vegum ferðabjónustufyrirtækja. Páskahelgina 2016 mældust yfir 1000 bílar á leið til Gullfoss skv. teljara Vegagerðarinnar. Fjöldi ferðamanna utan þess sem áður var háannatími hefur aukist mikið síðustu ár. Margir ferðamenn stoppa stutt á Gullfossi og þá sérstaklega þeir sem eru í áætunarferðum. Veitingarekstur, Gullfosskaffi, er við jaðar friðlandsins og er unnið að stækkun þess.

2.8. Innri starfsemi, landvarsla og rekstur

Umhverfisstofnun fer með umsjón og daglegan rekstur hins friðlýsta svæðis. Sérfræðingur vinnur á vegum Umhverfisstofnunar og er með aðstöðu í Bláskógabyggð. Í hans umsjón eru einnig Geysissvæðið og Hveravellir. Hann er yfirmaður sumarlandvarða. Aðstaða fyrir umsjónarmann og landverði svæðisins er ekki til staðar innan friðlands. Sandur til vetrarþjónustu er geymdur úti á bílastæðum og frýs því um vetur. Engin aðstaða er fyrir tæki né verkfæri starfsfólks Umhverfisstofnunar á svæðinu.

⁹ Rögnvaldur Ólafsson og Gyða Þórhallsdóttir, (2015).

2.9. Öryggismál

Öryggismál eru mikilvægur hluti af framtíðarskipulagi svæðisins enda er stór hluti friðlandsins þverhnípi, klettur og gljúfur. Á svæðinu er bæði grjóthrunshætta og hráphætta en sá mikli fjöldi fólks sem þangað kemur er einnig áhrifaþáttur í öryggismálum. Þó svo að grjóthrunshætta sé tiltölulega lítil á svæðinu þá ýtir stöðug umferð fólks undir líkur á að einhver verði fyrir grjóti, skyldi það falla á fjölfarna stíga.¹⁰ Öryggislínur eru við alla göngustíga til að halda fólki frá bjargbrúnum og á göngustígum. Þó eru þess fjölmörg dæmi að fólk virði ekki þessar línur og hætti sér fram á brúnir á svæðinu. Ítrekað fara gestir svæðisins yfir vetrarlokanir niður að fossinum þrátt fyrir hálfu og erfiðar vetraraðstæður. Árið 2014 var gerð öryggisúttekt á svæðinu.¹¹ Öryggis- og viðbragðsáætlun fyrir starfsmenn Umhverfisstofnunar hefur verið staðfærð fyrir svæðið og er endurskoðuð árlega.

Yfir vetrartímam þarf sérstaklega að huga að hálfu og óveðrum en vetraraðstæður geta verið mjög erfiðar á Gullfossi. Starfsmaður Umhverfisstofnunar hefur sinnt vetrarþjónustu á göngustígum. Starfsmenn Gullfosskaffi hafa séð um nærsvæði síns reksturs og efra bílastæðið. Ein helsta áskorun allra hlutaðeigandi aðila á Gullfossi er aukinn fjöldi ferðamanna á svæðinu á vetrartíma. Takmörkuð aðstaða er á svæðinu fyrir starfsfólk Umhverfisstofnunar að sinna vetrarvörslu, t.d. er engin aðstaða til geymslu á tækjabúnaði innanhúss né upphitar á sandi.

2.10. Rannsóknir og vöktun

Sérfræðingur Umhverfisstofnunar og landverðir sjá um vöktun á ástandi innviða og náttúrufars. Náttúruverndarnefndir sveitafélaga senda árlega inn athugasemdir um stöðu friðlýstra svæða og er einnig stuðst við þær athuganir. Samkvæmt 74. gr laga um náttúruvernd ber Náttúrufræðistofnun Íslands ábyrgð á vöktun lykilþátta íslenskrar náttúru að því marki sem hún er ekki falin öðrum stofnunum. Stofnunin á að vinna heildstæða áætlun um vöktun og skipuleggja framkvæmd hennar. Jafnframt á Náttúrufræðistofnun að vinna vöktunaráætlun fyrir friðlýst svæði í samráði við Umhverfisstofnun sem skal vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar viðkomandi svæðis. Náttúrufræðistofnun í samstarfi við Umhverfisstofnun munu á næstu árum útbúa vöktunaráætlanir fyrir friðlýst svæði samhliða vinnu Náttúrufræðistofnunar við gerð heildstæðrar vöktunaráætlunar fyrir lykilþætti íslenskrar náttúru. Sú vinna hefst árið 2017. Vöktunaráætlun fyrir lykilþætti íslenskrar náttúru mun fela í sér forgangsröðun og áherslur í vöktun á hverju svæði fyrir sig. Þar mun m.a. koma fram hvaða svæði verða sett í forgang og hvað á að vakta á hverju svæði fyrir sig. Ekki er búið að vinna vöktunaráætlun fyrir Gullfoss en þegar því er lokið mun hún verða viðauki við þessa stjórnunar- og verndaráætlun.

¹⁰ Stuðull, (2014).

¹¹ Ibid.



2.11. Kynning og fræðsla

Fræðsla um friðlandið er aðgengileg á vefsíðu Umhverfisstofnunar, www.umhverfisstofnun.is og eru fræðsluskilti á svæðinu (sjá kafla 2.6.7. um innviði). Landverðir hafa ekki sinnt skipulögðum fræðslugöngum á svæðinu en sérfræðingur Umhverfisstofnunar á svæðinu sinnir óformlegri fræðslu á viðverutíma.

2.12. Loftför, þ.á.m. flugvélar, þyrlur og ómönnuð loftför

Aukist hefur síðustu ár að fólk hafi með sér ómönnuð loftför til útsýnis og myndatöku innan friðlandsins. Þá er Gullfoss einnig vinsæll staður til útsýnisflugs.

3. Markmið, stefna og leiðir

Markmið þessarar áætlunar er að vernda ásýnd Gullfoss og viðhalda verndargildi svæðisins. Vegna þess fjölda fólks sem heimsækir Gullfoss er áhersla á innviði, fræðslu og öryggismál en í þessum kafla verður leitast við að skilgreina markmið, gera grein fyrir framtíðarstefnu svæðisins og kortleggja aðgerðir sem framkvæma þarf á næstu árum.

3.1. Svæðaskipting

Friðlýsta svæðið við Gullfoss er fjölbreytt m.t.t. verndar- og nýtingarsjónarmiða. Í því skyni að vernda sérstaklega þau svæði sem eru viðkvæmust en jafnframt stuðla að góðu aðgengi innan friðlands, er friðlandinu í áætlun þessari skipt upp í fjögur svæði með mismunandi áherslum hvað varðar umgengni, gróðurvernd og innviði. Er svæðaskiptingin skilgreind í takt við þær áherslur sem koma fram í deiliskipulag svæðisins og þær framkvæmdir sem þar eru áætlaðar. Svæðaskiptinguna má sjá á korti II í viðauka II.

Með svæðaskiptingunni er friðlýsta svæðinu skipt í eftirfarandi svæði; A) Svæði þar sem eru miklir innviðir og uppbyggðir pallar, bílastæði og stigar. B) Svæði þar sem eru skilgreindar gönguleiðir en innviðir eru í lágmarki. C) Svæði þar sem engir eru innviðir D) Afmörkuð gróðurverndarsvæði.

3.1.1. Markmið fyrir einstaka svæði

Markmið með svæðaskiptingunni eru eftirfarandi:

- ✓ Að tryggja og viðhalda verndargildi friðlýsta svæðisins.
- ✓ Að skilgreina sérstaklega viðkvæm svæði svo þau njóti gróðurverndar.
- ✓ Að skilgreina framkvæmdasvæði og svæði þar sem eru innviðir.
- ✓ Að tryggja almenningi aðgengi að svæðinu og útsýni yfir fossinn.

Svæði A: Markmið fyrir svæði A er að innviðir séu til fyrirmyndar og þjóni þeim fjölda sem koma á Gullfoss. Innviðir séu þannig að þeir verndi nærliggjandi umhverfi og stuðli að öryggi ferðafólks á svæðinu á sama tíma og þeir tryggi aðgang að helstu útsýnispunktum. Huga skal að fræðslu á svæði A um friðlandið, friðlýsingu svæðisins og verndargildi þess. Með innviðauppbyggingu á svæði A skal setja skýr mörk sem hvetja ferðamenn til að fylgja stígum innan friðlýsta svæðisins.

Svæði B: Markmið fyrir svæði B er að þar gefist þeim sem vilja dvelja lengur í friðlandinu kostur á að skoða nærliggjandi umhverfi og kynnast friðlandinu betur. Um er að ræða útsýnisleiðir, lágstemmdar í landslagi. Þá er markmiðið að á svæði B séu göngu- og reiðstígar sem séu til þess fallnir að fólk sem fer ríðandi og gangandi fylgi stígum og þannig verndi gróðursvæðin í kring. Á svæði B skal leitast við að loka og græða upp aflegustíga.

Svæði C: Markmiðið með svæði C er að skilgreina þau svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir innviðum skv. deiliskipulagi en ekki eru sérstaklega afmörkuð vegna gróðurverndar. Á svæði C skal leitast við að loka og græða upp aflegustíga.

Svæði D: Markmiðið með svæði D er að skilgreina sérstaklega þau svæði sem afmörkuð eru vegna gróðurverndar. Þar er ekki gert ráð fyrir umferð fólks.

3.2. Náttúruminjar

Náttúra Gullfoss skal vera í fyrsta sæti þegar hugað er að framtíðarskipulagningu svæðisins. Aðgengi á svæðinu skal vera til fyrirmyndar og á sama tíma til þess fallið að umhverfi friðlandsins njóti verndunar. Stuðla verður að því að jarðmyndunum sé ekki raskað og gróður ekki traðkaður niður né eyðilagður á annan hátt. Þessi stefna er tengd áætlun um innviðaupbyggingu svæðisins, enda geta góðir innviðir hlíft landinu í kringum þá.

Mestu skiptir að vatnasviði Gullfoss sé ekki raskað. Baráttan á síðustu öld fyrir verndun Gullfoss er leiðarljós í náttúruvernd samtímans enda Gullfoss dæmi um það hve mikil gildi náttúruperlur landsins hafa náttúrufarslega, efnahagslega og menningarlega.

3.2.1. Jarðminjar

Fyrirbyggjandi öryggisráðstafanir vegna grjóthrunshættu skulu hafa lágmarksáhrif á ásýnd svæðisins. Stuðla þarf að því að aðflutt efni safnist ekki á klöppum og þarf að hreinsa það jafnóðum burt. Þannig er svæðinu haldið snyrtilegu og geta gestir friðlandsins þá virt fyrir sér jökulrispur sem eru bersýnilegar á klettasyllunum. Sporna skal við því að fólk gangi utan stíga og raski jarðminjum, þá skal koma í veg fyrir að fólk hlaði vörður á svæðinu en jarðrask á svæðinu er bannað án leyfis Umhverfisstofnunar.

Aðgerðir:

- ✓ Aðflutt efni sem safnast fyrir á klettasyllum við útsýnisstaði skal hreinsað og því fargað eða notað á staðnum.
- ✓ Úttekt gerð á öryggislínunum og kortlagt hvar fólk leitar helst út fyrir þær.
- ✓ Öryggislínur efldar þar sem það á við.

3.2.2. Gróður og dýralíf

Vernda skal ásýnd svæðisins og gróðurfar. Stefnit skal að því að allir aflegustígar innan friðlands verði græddir upp. Notast skal við staðargróður við uppgræðslu innan friðlands. Vakta skal framvindu ágengra tegunda við jaðar Gullfoss og sporna við því að þær nái fótfestu innan friðlands. Stefnit skal að rannsóknunum á svæðinu, þ.m.t. kortlagningu dýralífs og gróðurs og áhrif ferðamennsku á lífríki svæðisins.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun vinni að uppgræðslu villustíga og gróðursára með staðargróðri og kanni samstarf við aðrar stofnanir sé þess þörf.

- ✓ Villustígar skulu skrásettir, kortlagðir og myndaðir og fylgst með framvindu þeirra árlega.

3.3. Menningarminjar

Framkvæmdir á gönguleiðum og reiðleiðum frá Gullfossi og meðfram Hvítá skulu ekki raska menningarminjum. Haft skal samráð við minjavörð áður en framkvæmdir á leiðum eru skipulagðar, sbr. reiðleiðir og göngustígar meðfram Hvítárgljúfri sem að öllum líkindum gætu skarast við skráðar leiðir og eru því fornminjar. Stefnt skal að því að munnlegar heimildir samtímafólks sem varpa ljósi á sögu svæðisins á síðari áratugum verði skráðar. Slíkar heimildir, ásamt heimildum um byggð á svæðinu á fyrri tíð, geta nýst í fræðslugöngur landvarða í framtíðinni. Þá skal stefnt að því að halda á lofti menningarminjum á gönguleið meðfram Hvítá, bæði með lágstemmdum skiltum sem og fræðslugöngum landvarða. Stefnt skal að samstarfi við Minjastofnun um að gera minjastaði á svæðinu aðgengilega og veita upplýsingar um minjarnar og menningarsögu svæðisins.

3.4. Landnotkun

Öll landnotkun innan friðlandsins skal vera í samræmi við markmið um verndun svæðisins í stjórnunar- og verndunaráætlun, friðlýsingu og deiliskipulagi svæðisins. Næturdvöl er bönnuð innan friðlandsins, á það við um húsbíla, ferðavagna og tjöld.

3.5. Innviðir

Fylgja þarf eftir deiliskipulagi og þeim framkvæmdum sem þar liggja fyrir. Með framkvæmdunum er stefnt að því að innviðir geti þjónað þeim fjölda sem heimsækja svæðið og ásýnd og umhverfi Gullfoss þar með verndað. Fyrirséð er að á næstu árum verður stígnum niður að fossi lokað yfir vetrartímamann. Það er þó stefnt að því í framtíðinni að endurbæta leiðina niður að fossi og með því móti að draga úr grjóthrunshættu og lengja það tímabil sem aðgengi er að fossi. Umhverfisstofnun hefur forgangsraðað framkvæmdum fyrir svæðið, þó með þeim fyrirvara að framkvæmdafé fái fyrir hvern og einn verkþátt. Forgangsröðunin er sem hér segir:

- ✓ Verkpáttur C: Bygging nýs stiga.
- ✓ Verkpáttur D: Útýnispallur á efra svæði og stígar í kring endurgerðir.
- ✓ Verkpáttur G: Breikkun stígs frá upphafi göngupalls við Gullfosskaffi að skiltaborg.
- ✓ Verkpáttur B: Bygging nýs útsýnispalls við enda efri göngustígs með útsýni yfir Gullfossgljúfur.
- ✓ Verkpáttur A: Stígur á milli útsýnispallanna tveggja byggður.
- ✓ Verkpáttur E: Varnargirðingar settar upp austan við neðra bílastæði.
- ✓ Verkpáttur F: Uppbyggður stígur niður að fossi.

Nánar er gerð grein fyrir verkþáttum í framkvæmdaáætlun á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Einnig eru frekari upplýsingar um fyrirhugaðar framkvæmdir í

deiliskipulagi svæðisins, sem aðgengilegt verður á vefsíðu Umhverfisstofnunar, www.umhverfisstofnun.is

Þegar unnið var að deiliskipulagi friðlandsins voru friðlandsmörkin hnitsett en áður höfðu þau fylgt texta í friðlýsingaskilmálum sem vísaði meðal annars í óljós einkenni í landslagi. Hnitsett friðlandsmörk liggja því fyrir en þeim hefur ekki verið þinglýst.

Aðgerðir:

- ✓ Þinglýsa skal friðlandsmörkum friðlands við Gullfoss.

3.5.1. Vegir og bílastæði

Framfylgja skal deiliskipulagi þar sem neðra bílastæðið er aflagt fyrir almennri umferð enda skilgreint sem skutlsvæði og bílastæði fyrir fatlaða. Rekstraraðilar Gullfosskaffi stefna að því að stækka aðalbílastæði svæðisins. Gæta þarf þess að aðalbílastæði svæðisins sé vel skilgreint, vísanir og aðkeyrslur inn á það séu skýrar. Aðgreina þarf umferð gangandi vegfarenda og bíla á efra bílastæði. Huga þarf einnig að auknu öryggi við gatnamót á bílastæðum.

Mikilvægt er að gestir sem leggja sér leið inn í friðlandið verði upplýstir um að þeir séu innan friðlýsts svæðis.

Aðgerðir:

- ✓ Merkingar þar sem fólk er boðið velkomið í friðlandið verði settar upp við friðlandsmörk. Haft verði samráð við Vegagerðina og Bláskógabyggð.
- ✓ Gatnamót við neðra bílastæði verði endurskoðuð að undangengnu samráði við Vegagerðina og Bláskógabyggð.
- ✓ Erindi verði send til Samtaka ferðaþjónustunnar þar sem ferðaþjónustuaðilum er leiðbeint um að nota efra bílastæðið, með tilvísunum í deiliskipulag svæðisins.
- ✓ Send verði beiðni á netmiðla og gps-miðla sem gefa upp staðsetningu fyrir Gullfoss og þess óskað að kort sé leiðrétt og fólk vísað á efra bílastæðið.
- ✓ Merkingar á neðra bílastæði verði uppfærðar. Bílastæði fyrir fatlaða verði sérmerkt og skutlstæði merkt. Athuga þarf möguleikann á tímatakmarkunum á skutlstæðum.

3.5.2. Stígar, gönguleiðir og reiðleiðir

Mikilvægt er að innviðir þjóni því hlutverki sínu að vernda umhverfi Gullfoss á sama tíma og þeir veita fólk örugga för um svæðið. Skulu leiðir vera vel merktar og þeim viðhaldið með reglubundum hætti. Mikilvægt er að með innviðauppbyggingu sé öryggi tryggt með sem bestum hætti. Gestir friðlandsins skulu ávallt fylgja gönguleiðum innan friðlandsins og virða lokanir og merkingar sem þar kunna að vera. Merkingar vegna öryggissjónarmiða og vegna gróðurverndar skulu vera skýrar þar sem ekki er gert ráð



fyrir umferð gangandi fólks, sbr. svæðaskiptingu. Þessi stefna er í takt við deiliskipulag svæðisins.

Reið- og göngustígar meðfram Hvítá

Byggja þarf upp gönguleið meðfram Hvítá og efla fræðslu á leiðinni í formi lágstemmdra fræðsluskilta. Leita skal samráðs við Minjastofnun varðandi alla þætti framkvæmda er kunna að tengjast menningarminjum. Með endurbótum göngustíga á svæði B er hægt dreifa gestum yfir sumartímann en einnig sporna við þeirri gróðureyðingu og lýtum í landslagi sem einkenna það svæði í dag. Stefnt skal að því að koma skipulagi á umferð bæði gangandi manna og ríðandi á svæðinu með vel skilgreindum reið- og gönguleiðum. Rekstri hesta skal beint um leiðir utan friðlands en ríðandi mönnum verði heimil för um skilgreindar reiðleiðir innan þess. Þá skal loka öllum aflögustígum á svæðinu og græða þá upp.

Allir innviðir á þessari leið, sem tilheyrir svæði B, skulu vera lágstemmdir og falla inn í umhverfið. Skal öll uppbygging á þessu svæði miðast að því að veita fólki meiri tækifæri til náttúruupplifunar og fræðslu innan friðlandsins.

Aðgerðir:

- ✓ Reiðleiðir innan friðlandsins verði skipulagðar í samráði við Landssamband hestamanna og hestamannafélögin Loga og Smára og í nánú samstarfi við sveitarfélagið Bláskógabyggð.
- ✓ Hönnuð verði lega göngu- og reiðleiða meðfram Hvítá. Haft verði samráð við Minjastofnun þar sem það á við.
- ✓ Lagfæringar verði gerðar á göngu- og reiðleiðum skv. hönnun og aflögustígum lokað.
- ✓ Fræðslu- og gönguskilti sett upp, sjá nánar í kafla 3.5.3 um skilti.

Hringleið með útsýni yfir Jarlhetturnar

Þar sem hringleiðin er aðeins að hluta til innan friðlands er ekki stefnt að innviðaupbyggingu á leiðinni, nema að friðlandsmörkum. Með þeirri leið er möguleiki á dreifingu gesta á sumartíma og fræðslu um samspil Langjökuls, Hvítár og Gullfoss. Skal stefnt að fræðslu við upphaf leiðar þar sem ferðamönnum er bent á þennan kost.

Aðgerðir:

- ✓ Gönguleið verði brúuð á vaði við friðlandsmörk og grjóthreinsuð.
- ✓ Fræðslu- og gönguskilti sett upp við friðlandsmörk, í upphafi gönguleiðar. Sjá nánar í kafla 3.5.3. um skilti.

3.5.3. Skilti

Stefnt skal að því sérstaklega að auka meðvitund gesta friðlandsins um að þeir séu innan friðlýsts svæðis og að þeir fái upplýsingar um þær umgengisreglur og friðlýsingaskilmála sem þar gilda. Samræmi og heildarstefna skal ríkja um skiltamál á svæðinu.

Auka skal fræðslu innan svæðisins og sjá til þess að gönguleiðaskilti séu uppfærð í framhaldi af innviðaupbyggingu innan svæðisins.

Hér að neðan er samatekt um skiltiþörf á svæðinu:

- ✓ Setja þarf upp merkingar við friðlandsmörk, þar sem fólk er upplýst um að það sé komið inn fyrir mörk friðlandsins.
- ✓ Setja þarf upp aðkomuskilti við upphaf göngupalla, þar sem fólk er boðið velkomið og jafnframt beðið um að ganga vel um svæðið.
- ✓ Setja þarf upp skilti með upplýsingum um friðlýsingu svæðisins, ákvæði, umgengisreglur og verndargildi þess.
- ✓ Setja þarf upp skilti sem bannar tjöldun og næturgistingu á bílastæðum innan friðlands og þar sem vísað er á næstu tjaldsvæði.
- ✓ Uppfæra þarf gönguleiðaskilti þegar lengri leiðir hafa verið endurbættar.
- ✓ Fræðsluskilti með einföldu gönguleiðakorti verði sett upp við upphaf gönguleiða meðfram Hvítá og hringleiðar með útsýni yfir Langjökul.
- ✓ Lágrest skilti um menningarminjar og náttúruminjar verði sett upp á leiðinni meðfram Hvítá, í samráði við Minjastofnun.

3.5.4. Rekstur, eftirlit og landvarsla

Sjálfbærni skal höfð að leiðarljósi í rekstri innan svæðis og skal reksturinn hafa sem minnst neikvæð áhrif á umhverfi friðlandsins. Umhverfisstofnun stefnir að grænum skrefum í ríkisrekstri hvað varðar rekstur svæðisins. Grænu skrefin eru einföld og aðgengileg leið fyrir opinbera aðila að vinna markvisst að umhverfismálum þar sem gátlistum er fylgt til að stuðla að vistvænni rekstri. Nánari upplýsingar um verkefnið má sjá á vefsíðunni



www.graenskref.is. Stefnt skal að því að rekstraraðilar með rekstur við friðlandsmörk, skrifi einnig undir samning um grænan rekstur á friðlýstum svæðum.

Tryggja skal framtíðarrekestargrundvöll fyrir friðlandið Gullfoss og stefnt er að því að á Gullfossi starfi sérfræðingur á vegum Umhverfisstofnunar allt árið. Hlutverk hans fælist í umsjón með bæði Gullfoss og Geysi ásamt stjórnarsýslu í tengslum við svæðið. Einnig er stefnt að því að landvarsla verði á svæðunum allt árið um kring. Með tilkomu heilsárstarfsmanns þarf að vera aðstaða á svæðinu fyrir starfsmann, vinnutæki og verkfæri sem starfinu fylgja. Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun geri samning við rekstraraðila um grænan rekstur á friðlýstum svæðum.
- ✓ Þarfagreining og kostnaðarmat á landvörslu og aðstöðu tengdri henni verði gerð fyrir svæðið.
- ✓ Framtíðaraðstaða fyrir starfsmann, verkfæri og vinnutæki verði sett upp.

3.5.5. Sorp og sorphirða

Áhersla skal lögð á að halda aðkomu á Gullfossvæðinu snyrtilegri enda er snyrtileg aðkoma lykillinn að því að ferðamenn gangi betur um svæðið. Bæta þarf umhirðu á svæðinu og sjá til þess að rusl sé flokkað og að friðlandið sé snyrtilegt. Á þetta við um bílastæði svæðisins, nágrenni friðlandsins og allt friðlandið sjálft. Skulu framkvæmdaraðilar innan og í grennd við friðlandið leggja sérstaka áherslu á að athafnasvæði séu snyrtileg á meðan á framkvæmdum stendur.

Verndun umhverfisins skal ávallt vera í fyrirrúmi þegar ákvarðanir um rekstur svæðisins eru teknar. Sorp skal flokkað á svæðinu eins mikið og kostur er. Stefnt skal að fækkun vistspora og innleiðingu flokkunarstefnu Umhverfisstofnunar þegar kemur að flokkun á sorpi.

Aðgerðir:

- ✓ Skoðaðir verði mismunandi kostir við losun og flokkun sorps á svæðinu.



- ✓ Kannaðir verði möguleikar á samstarfi um sorplosun á svæðinu.
- ✓ Tilmæli verði sett upp til ferðamanna um að ganga vel um og skilja allt rusl eftir í tilskildum tunnum.

3.6. Ferðaþjónusta og útivist

Aðgengi ferðamanna er ekki það sama á vetrartíma og á sumrin og þarf að taka tillit til árstíðabreytinga í stefnumótun svæðisins. Á sumrin er möguleiki á að dreifa fólki um svæðið en á veturna eru takmarkanir á ákveðnum leiðum. Skulu þessar takmarkanir að vera skýrar og leita þarf lausna til að halda ferðamönnum á stígum og innan ákvarðaðra marka.

Stefnt er að því að Gullfoss verði fyrirmyndaráfangastaður þar sem náttúran er í forgrunni. Umsjónaraðilar og rekstraraðilar stefni að því að umgengi, upplýsingar og öryggi á svæðinu sé til fyrirmyndar. Ferðamenn sem þangað koma ber skylda að sýna ábyrga ferðamennsku og virða friðhelgi náttúrunnar. Miklu skiptir að ferðamenn séu upplýstir um hættur á svæðinu og um viðkvæmt náttúrufar þess. Það sama á við um ferðaþjónustuaðila, sem einnig skulu vera upplýstir um skipulagsmál og fyrirhugaðar framkvæmdir á svæðinu. Lykillinn að þessu eru opin samskipti og upplýsingagjöf milli Umhverfisstofnunar, rekstraraðila og ferðaþjónustuaðila. Auk þess skiptir máli að landvarsla á svæðinu sé öflug allt árið um kring til að unnt sé að auka fræðslu til gesta á Gullfossi.

Stefnt skal að því að Gullfoss uppfylli alþjóðlegar eða samnorrænar kröfur sem umhverfisvænn áfangastaður.

Aðgerðir:

- ✓ Eftirlit, landvarsla og fræðsla á svæðinu verði aukin.
- ✓ Reglulegt viðhald sé á innviðum.
- ✓ Upplýsingar um fyrirhugaðar framkvæmdir séu aðgengilegar ferðaþjónustuaðilum.

3.7. Rannsóknir og vöktun

Efla þarf rannsóknir á gróðurfari, jarðfræði og dýralífi innan friðlands. Þá þarf einnig að gera þolmarkarannsóknir á svæðinu. Með auknum rannsóknum öðlast betri innsýn inn í náttúrulega framvindu svæðisins og þá um leið hvaða áhrif ferðapjónustan hefur á þá framvindu. Námsmenn verði hvattir til að stunda rannsóknir á svæðinu t.d. sem hluta af lokaverkefni sínu á háskólastigi.

3.8. Kynning og fræðsla

Stefnt skal að bættu samráði við sveitafélag, þá sérstaklega til að virkja skóla í nærsamfélaginu til samstarfs. Miklir möguleikar liggja í slíku samstarfi til útikennslu, fræðslu um náttúruvernd og til þátttöku nemenda í sjálfbóðaliðastarfi Umhverfisstofnunar og skal leita leiða til að virkja nemendur til slíkra starfa innan friðlandsins.

Aðgerðir:

- ✓ Óskað verði eftir samstarfi við grunnskóla í nágrenni friðlandsins við árlega vorhreinsun á Gullfossi, nemendur fái fræðslu í náttúruvernd og veitingar á staðnum.
- ✓ Óskað verði eftir samstarfi við framhaldsskóla í nágrenni svæðisins um þátttöku í verkefninu *stóra græna helgin* sem er árlegur alþjóðlegur viðburður í náttúruvernd þar sem hvatt er til sjálfbóðaliðastarfs tengdu náttúruvernd. Nemendur vinni verkefni sem tengjast náttúruvernd, stígagerð o.s.frv. innan friðlands.

Með aukinni fræðslu og upplýsingagjöf til ferðamanna er hægt að auka vitund þeirra um að þeir séu staddir innan friðlýsts svæðis. Þannig má bæta umgengni þeirra og virðingu fyrir friðlandinu og einnig koma í veg fyrir náttúruspjöll. Því þarf að leggja áherslu á að fræðsla á svæðinu sé til þess fallin að auka meðvitund gesta um verndargildi svæðisins og náttúruvernd. Stefna þarf að aukinni landvörslu á svæðinu allt árið um kring en landverðir sinna mikilvægu hlutverki sem fræðslufulltrúar um náttúruvernd innan friðlýstra svæða.

Aðgerðir:

- ✓ Sett verði upp skilti með umgengisreglum og friðlýsingarákvæðum svæðisins.
- ✓ Stefnt verði að landvörslu allt árið um kring.



3.9. Öryggismál

Auka skal meðvitund ferðamanna sem heimsækja Gullfoss um þær hættur sem til staðar eru á svæðinu með aukinni fræðslu þess efnis. Ein stærsta áskorun svæðisins er aukin vetrarferðamennska og vetrarþjónusta henni tengd. Stuðla þarf að auknu öryggi ferðafólks á vetrartíma. Þá þarf að leggja áherslu á að þeir sem heimsækja svæðið virði merkingar og öryggislínur og fylgi göngustígum á ferðum sínum innan friðlands.

Aðgerðir:

- ✓ Uppfæra skal öryggissáætlun Umhverfisstofnunar fyrir svæðið árlega.
- ✓ Setja þarf harðgerðari lokunarslá/hlið fyrir vetrarlokun í upphafi stígsins að fossinum. Árleg vöktun verði á grjóthruni og fyrirbyggjandi öryggisaðgerðir skipulagðar áður en stígurinn er opnaður að vori.
- ✓ Skilti með umgengisreglum sett upp. Skilti/táknmyndir um hrunhættu sett upp þar sem það á við.
- ✓ Eftirlit, landvarsla og fræðsla verði aukin.

3.10. Loftför, þ.á m. flugvélar, þryllur og ómönnuð loftför

Stefnt skal að því að setja tilmæli í Flugmálahandbók AIP um að flug yfir Gullfossi skuli miðast við 1000 fet yfir landi og miðast þannig við þéttbýlismörk en ekki 500 feta hæð líkt og tíðkast í dreifbýli. Markmiðið með þessari stefnu er að draga úr þeirri truflun sem útsýnisflug getur haft á gesti friðlandsins á landi. Þá er fjöldi fólks á Gullfossi það mikill að tilefni er til að miða við þéttbýlismörk frekar en dreifbýlismörk, ekki síst vegna öryggissjónarmiða. Sambærileg mörk gilda um samkomur og því við hæfi að sömu viðmið séu á Gullfossi vegna mannfjöldans sem þar er almennt samankominn. Samráð skal haft við Flugmálafélag Íslands, Samgöngustofu, Samtök ferðaþjónustunna, Útivist og jafnvel aðra hagsmunaaðila ári eftir að tilmælin taka gildi og það metið hvort þessi stefna sé að skila árangri.



Óheimilt er að lenda þyrlum og öðrum mönnum loftförum innan friðlandsins nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. reglugerð 60/1998 og reglugerð 1185/2012.

Óheimilt er að nota ómönnum loftför innan friðlandsins nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. reglugerð 60/1998 og reglugerð 1185/2012. Leyfishafar skulu ávallt leita sér upplýsinga um gildandi reglur um starfrækslu ómannaðra loftfara og leita leyfis Samgöngustofu í samræmi þær reglur.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir því að tilmæli verði sett í Flugmálahandbók AIP, um hækkum flugs í 1000 fet yfir friðlandinu.
- ✓ Umhverfisstofnun hafi frumkvæði á að boða á fund hagsmunaaðila vegna hækkunar á flughæð yfir friðlandinu, ári eftir að tilmælin eru sett fram í Flugmálahandbók AIP til að meta árangur tilmælana.

Sérstakar reglur um umferð og dvöl

Sérstakar reglur um umferð manna og dvöl í friðlandi við Gullfoss sem settar eru í samræmi við ákvæði 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd eru eftirfarandi:

- Næturdvöl er bönnuð innan friðlandsins, á það við um húsbíla, ferðavagna og tjöld, sbr. kafla 3.4.
- Rekstri hesta skal beint um leiðir utan friðlands en ríðandi mönnum er heimil för um skilgreindar reiðleiðir innan þess, sbr. kafli 3.5.2.
- Þyrlum og öðrum mönnum loftförum skal aldrei lenda innan friðlandsins, nema að fengnu leyfi frá Umhverfisstofnun. Notkun ómannaðra loftfara er bönnuð nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfssemi Landhelgisgæslunnar, sbr. kafli 3.10.

Heimildir

- Haukur Tómasson. (1993). *Jökulstífluð vötn á Kili og hamfarahlaup í Hvítá í Árnessýslu*. Náttúrufræðingurinn 62(1-2), 77-98.
- Hjálmar Bárðarson. (1989). *Hvítá frá upptökum til ósa*. Reykjavík: Hjálmar R. Bárðarson.
- Margrét Hrönn Hallmundardóttir. (2013). *Fornleifakönnun í friðlandinu við Gullfoss*. NV nr. 26-13.
- Umhverfisstofnun. (ekkert ártal). *Gullfoss*. Fengið af slóðinni: <http://ust.is/einstaklingar/nattura/fridlyst-svaedi/sudurland/gullfoss/> þann 2. febrúar 2016.
- Rögnvaldur Ólafsson og Gyða Þórhallsdóttir. (2015). *Fjöldi ferðamanna á átta áfangastöðum á Suður- og Vesturlandi 2014-2015*. Ferðamálastofa: Reykjavík.
- Stuðull. (2014). Öryggisúttekt gerð fyrir Umhverfisstofnun. Óútgefið efni.

Viðauki I

Stj.tíð. B, nr. 141/1979.

Sérprentun nr. 377.

Auglýsing um friðland við Gullfoss

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur [Umhverfisstofnun] fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa Gullfoss ásamt næsta nágrenni vestan Hvitár í Biskupstungnahreppi, Árnassýslu og er svæðið friðland.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

Að austan ræður Hvitá, en Gullfoss er allur innan friðlandsins. Að sunnan og suðvestan að Selvörðu ræður girðing friðlandsins, en lega hennar er sem hér segir:

Úr ónefndum kletti gengt Baulukletti við mynni Hvitárgljúfurs upp í túnbrekkuna í Brattholti á stað skammt vestan við Karlshól. Þaðan með Bæjarási á Stöðulás. Þá í punkt SV af Selvörðu og þaðan að Selvörðu. Frá Selvörðu ræður bein lína í lág í Brattholtsgili og þaðan gilið í Hvitá.

Um friðlandið gilda þessar reglur:

1. Mannvirkjagerð og jarðrask og aðrar breytingar á svæðinu eru óheimilar án leyfis [Umhverfisstofnunar].
2. Gangandi fólki er heimil för um svæðið, enda sé góðrar umgengni gætt.
3. Akstur utan vega og merktra ökuslóða er óheimill.
4. Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir.

Til undanþágu frá þessum reglum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar] eða þess sem fer með umboð [stofnunarinnar].

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.


Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið 9. mars 1979


Ragnar Arnalds

Birgir Thorlacius

Viðauki II



Kort I: Friðlandsmörk, gönguleiðir og vegir skv. deiliskipulagi



Kort II: Svæðisskipting